

Nd.

6. Frumvarp til laga

[6. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóvember 1936, um þingsköp Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Í stað orðanna „Skal þingmönnum í hvorri deild skipt í þessar nefndir, og mega ekki vera fleiri en 5 í hverri nefnd“. í 4. mgr. 16. gr. laganna komi: Skal þingmönnum í hvorri deild skipt í þessar nefndir, og mega ekki vera fleiri en 7 í hverri nefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þrátt fyrir fjölgun þingmanna hefur hámarkstala í fastanefndum deilda verið látin haldast óbreytt frá því að hún var ákveðin með þingsköpum 1915, en þá voru þingmenn 40. Þess vegna er eðlilegt, að hér verði rýmkað um, enda varð samkomulag um það á síðasta þingi, að fulltrúar þingflokks, sem ekki hafði hlotið menn í nefndir, voru kvaddir til samstarfs við nefndir um nokkur meiri háttar mál, í því skyni að greiða fyrir þingstörfum. Er því ekki áhorfsmál um, að æskilegt sé að koma þessu í lögformlegt horf.